

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 483/1991.

Atli Már Jósafatsson

Örn Bragason og

Páll Júlíusson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Sundaborg 36 hf.

(Sigurður Georgsson hrl.)

og gagnsök

Skuldabréf. Lánskjaravísitala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. desember 1991 og gera þær kröfur, að dómkröfur gagnáfrýjanda verði verulega lækkaðar. Auk þess krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1992 og gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, m. a. vottorð Hlutafélagaskrár þess efnis, að firma gagnáfrýjanda er Sundaborg 36 hf.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans, en aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að misritun hafi orðið við tilgreiningu lánskjaravísitölu í skuldabréfi því, sem þetta mál er risið af. Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Atli Már Jósafatsson, Örn Bragason og Páll Júlíusson, greiði gagnáfrýjanda, Sundaborg 36 hf., óskipt 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sundaborg hf., kt. 600269-6909, Sundaborg 9, Reykjavík, gegn Atla Má Jósafatssyni, kt. 230753-3859, Sunnuflöt 26, Garðabæ, Erni Bragasyni, kt. 100253-4379, Hraunhólum 11, Garðabæ, og Páli Júlíussyni, kt. 200936-4939, Laugavegi 82, Reykjavík, með áskorunarstefnu, birtri 6. og 7. febrúar 1990 á hendur stefndu Atla Má og Páli, og með sakaukastefnu, birtri 13. mars 1990 á hendur stefnda Erni.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 621.547,10 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru aðallega um sýknu að svo stöddu, en til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda [...]. Þá gerir stefndi kröfu til þess, að mál þetta verði sameinað bæjarþingsmáli nr. 2185/1990, sem höfðað var sama dag á hendur stefndu.

Upphaflega gerðu stefndu kröfu um frávisun málsins, en með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1990, var þeirri kröfu hafnað. Með úrskurði, upp kveðnum í málinu 24. maí 1991, var synjað kröfu stefndu um það, að þeir kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar.

I.

Stefnandi reisir kröfur sínar á skuldabréfi, út gefnu 29. maí 1987 af stefnda Atla Jósafatssyni til stefnanda, upphaflega að fjárhæð 455.574,00 kr., tryggðu með sjálfskuldarábyrgð stefndu Arnar og Páls. Skuldina skyldi greiða með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1988. Af skuldinni, eins og hún var á hverjum tíma, skyldi greiða hæstu auglýsta meðaltalsvexti sambærilegra lána skv. skráningu Seðlabanka Íslands hverju sinni, er reikna skyldi frá útgáfudegi og borga eftir á á sama tíma og afborgun. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, grunnvísitölu 1364 stig, og sé höfuðstóll því breytilegur skv. ákvæðum laga nr. 13/1979 miðað við breytingu á vísitölu. Skuldabréfið sé í vanskilum frá og með fjórða gjalddaga þess, 15. ágúst 1989, og sé því allt í gjalddaga fallið skv. ákvæðum í bréfinu sjálfu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig: Eftirstöðvar skuldabréfsins 541.712,20 kr., hækkun vísitölu frá 15. febrúar 1989 til 15. ágúst 1989 2317/2557 stig, 56.111,80 kr., 8,1% samingsvextir frá 15. febrúar 1989 til 1. maí 1989, 10.088,28 kr., 7,9% samningsvextir frá 1. maí 1989 til 15. ágúst 1989, 13.661,82 kr., samtals 621.574,10 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins.

Stefnandi rekur málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

II.

Stefndu reisa kröfur sínar á þeim málsástæðum, að stefndi Atli hafi í viðskiptum við stefnanda afhent 8 skuldabréf, sum með ábyrgð annarra stefndu eða annarra vina og venslamanna stefnda Atla. Inn á þessar skuldbindingar hafi stefndi Atli greitt verulegar fjárhæðir, án þess þó að þessara innborgana sé getið á skuldabréfunum, heldur aðeins uppgefnar ætlaðar eftirstöðvar.

Í þinghaldi í málinu 9. október 1990 var eftirfarandi bókun gerð af hálfu stefndu: „Dómkröfur stefndu, bæði aðal- og varakröfur, eru enn fremur reistar á þeirri málsástæðu, að skuldabréfið, sem út er gefið 29. maí 1987, beri ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sem var 1662, heldur grunnvísitöluna 1364. Kann því hér vera um misritun að ræða. Útgáfa skuldabréfs þessa fer því í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979.“ Málsástæðu þeirri, sem fram kemur í bókun þessari, var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Stefnandi mótmælir kröfu stefndu um sameiningu máls þessa við bæjarþingsmál nr. 2185/1990. Sérstakt mál hafi verið höfðað vegna bréfsins, og ekkert sé því til fyrirstöðu, að upp verði kveðinn sérstakur dómur í málinu. Þá er mótmælt sem rangri þeirri fullyrðingu, að stefndi Atli hafi greitt meira en gjaldfallnar afborganir, vísitölu og vexti fram að fjórðu afborgun 15. ágúst 1989.

III.

Mál þetta fullnægir réttarfararskilyrðum um málsmeðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 3. tl. 207. gr. laganna.

Með vísan til 71. gr. laga nr. 85/1936 ber að hafna kröfu stefndu um sameiningu máls þessa við bæjarþingsmál nr. 2185/1990.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið lögð fram í málinu fullnægjandi gögn um það, að greitt hafi verið af skuldabréfi þessu umfram það, sem sóknargögn bera með sér. Sú vörn hans kemst því ekki að í málinu, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Þá byggja stefndu og á þeirri málsástæðu, sem bókuð var í þinghaldi 9. október 1990, að þar sem skuldabréfið beri ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sé útgáfa þess andstæð 39. gr. laga nr. 13/1979. Tilvitnað lagaákvæði fjallar um skilyrði þau, sem verðtryggðar fjárskuldbindingar skulu fullnægja, og er þar m. a. kveðið á um það, að miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma. Fjárskuldbinding sú, sem mál þetta snýst um, er bundin lánskjaravísitölu, sem ótvírætt fullnægir framangreindu skilyrði 39. gr. laga nr. 13/1979. Þetta

ákvæði verður ekki skilið svo, að skylt sé að miða við þá grunnvísitölu, sem í gildi er á útgáfudegi skuldabréfs. Ber því að hafna greindri málsástæðu stefndu.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á kröfur stefndu í máli þessu.

Samkvæmt áritun á framlagt skuldabréf eru eftirstöðvar þess 559.715,02 kr. miðað við gjalddaga 15. febrúar 1989. Í stefnu segir hins vegar, að eftirstöðvar skuldabréfsins á þeim gjalddaga hafi numið 541.712,20 kr., og er kröfugerð stefnanda við það miðuð. Til stuðnings kröfugerð sinni að þessu leyti hefur stefnandi lagt fram greiðsluseðil Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, þar sem eftirstöðvar bréfsins fyrir gjalddaga 15. ágúst 1989 eru tilgreindar sem 541.712,20 kr. Að viðbættri vísitölu og samningsvöxtum frá 15. febrúar til 15. ágúst 1989 nemur stefnufjárhæðin 621.574,10 kr., sem hefur ekki verið andmælt tölulega.

Frumrit skuldabréfs þess, sem hér um ræðir, hefur verið lagt fram í málinu. Stefndi Atli Jósafatsson er útgefandi þess, stefndu Örn Bragason og Páll Júlíusson hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni. Samkvæmt ákvæði í bréfinu sjálfu er heimilt að gjaldfella eftirstöðvar þess, ef ekki er staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta skuldarinnar.

Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda teknar til greina og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 195.000,00 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Atli Már Jósafatsson, Örn Bragason og Páll Júlíusson, greiði óskipt stefnanda, Sundaborg hf., 621.574,10 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og 195.000,00 kr. í málskostnað. Ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við til-dæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.